

„Bara hver hluti landsins er einstakur“

Rýnihópagreining á viðhorfum til
íslensks landslags og gildi þess



Rammaáætlun



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Faghóp um náttúru- og menningarminjar, 3. áfangi rammaáætlunar, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Markmið rannsóknar	Að leggja mat á viðhorf almennings til íslensks landslags og gildi þess.
Dagsetning skýrsluskila	23.03.2016

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Sigrún Birna Sigurðardóttir Ágústa Edda Björnsdóttir Helgi Guðmundsson
Úrvinnsla	Sigrún Birna Sigurðardóttir
Skýrslugerð	Sigrún Birna Sigurðardóttir Ágústa Edda Björnsdóttir

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	2
Markmið rannsóknar	3
Aðferð	3
<i>Eigindlegar rannsóknaraðferðir</i>	3
<i>Þátttakendur</i>	4
<i>Framkvæmd</i>	4
Ljósmyndafyrirlögn 1	4
Ljósmyndafyrirlögn 2	8
Umræðurammi	11
<i>Skráning og úrvinnsla gagna</i>	12
<i>Styrkleikar og takmarkanir rannsóknarsniðs</i>	12
Niðurstöður	13
<i>Viðhorf til mismunandi ljósmyndasniðs</i>	13
<i>Niðurstöður úr ljósmyndafyrirlögn 1</i>	15
Hæst metna venjulega myndin	15
Lægst metna venjulega myndin	16
Hæst metnu panorama myndrnar	18
Lægst metnu panorama myndirnar	20
Ólíkustu viðhorfin	22
<i>Skilningur atriða úr fyrirlögn 1</i>	25
<i>Niðurstöður úr ljósmyndafyrirlögn 2</i>	28
<i>Upplifun landslags, gildi og ógnanir</i>	29
Hvaða þættir skipta máli þegar þú skynjar landslag	29
Hvað er það fyrsta sem ykkur dettur í hug þegar þið heyrið orðið landslag	31
Minnistæð landslagsupplifun	32
Gildi landslags	34
Hvaða ógnir steðja helst að íslensku landslagi almennt	35
Annað	40
<i>Umræða</i>	41
Heimildir	45
Viðauki 1 - Bakgrunnsspurningar	46
Viðauki 2 - Umræðurammi	51
Viðauki 3 - Niðurstöður úr ljósmyndafyrirlögn 1 eftir hópum	56
Viðauki 4 - Heildarniðurstöður úr ljósmyndafyrirlögn 1	58
Viðauki 5 - Heildarniðurstöður úr ljósmyndafyrirlögn 2	62

MARKMIÐ RANNSÓKNAR

Að beiðni Þorvarðs Árnasonar úr faghópi 1 í Rammaáætlun gerði Félagsvísindastofnun HÍ rýnihóparannsókn meðal þjóðskrárártaks íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Markmið rannsóknarinnar var að leggja mat á viðhorf þátttakenda til íslensks landslags og gildi þess. Voru þátttakendur beðnir um að meta ljósmyndir sem þeim voru sýndar í tölum sem voru frá fyrirhuguðum virkjanasvæðum, einu háhitasvæði og einu vatnsaflssvæði. Kannað var hvort viðhorf þátttakenda til landslags væru ólík eftir sniði mynda sem voru annars vegar af venjulegri stærð og hins vegar panorama stærð. Viðhorf til landslagsins voru metin eftir mismunandi kvörðum, þar á meðal var notast við merkingargreiningarkvarða (e. semantic differential scale) en eins hefðbundinn 7 punkta likert skala. Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að kanna hvernig atriðin kæmu út sem könnuð voru með merkingargreiningu og var sérstaklega athugað hvaða skilning þátttakendur lögðu í hugtök sem notuð voru til að lýsa landslaginu í þeim viðhorfsspurningum. Ennfremur var ætlunin að komast að því hvað fólk tengdi við hugtökin, fá lýsingu á eiginleikum eftirlætis landslags þeirra, kanna í hverju gildi landslags fælist einna helst almennt og hvað þátttakendur teldu vera helstu ógnir íslensks landslags.

AÐFERÐ

Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Eigindlegar rannsóknaraðferðir fela í sér fjölbreytta rannsóknarhefð. Rannsóknaraðferðirnar má rekja til hugmynda og kenninga um að veruleikinn sé félagslega skapaður og að fólk túlki veruleikann á mismunandi hátt. Markmiðið er því að skilja hlutina út frá sjónarhóli þeirra sem taka þátt í rannsókninni í stað þess að bera saman athafnir og viðhorf fólks með tölulegum hætti. Rökin fyrir því að rannsaka veruleikann á þennan hátt felast í þeirri hugmynd að raunveruleiki fólks er misjafn og fólk skynjar hlutina á ólíkan máta. Þess vegna kjósa eigindlegir rannsakendur síður að hefja rannsóknir sínar með fyrirframgefnum hugmyndum um líklega útkomu rannsóknarinnar, heldur leyfa þeir gögnunum að þróa kenningar um það sem fyrirfinnst í því umhverfi sem verið er að rannsaka (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Í þeirri rannsókn sem hér verður til umfjöllunar var notast við rýnihópa. Umræður í rýnihóp er ein leið til gagnasöfnunar þegar eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt. Með rýnihópa viðtölum er hægt að fá fram mikið af upplýsingum á skömmum tíma og annars konar innsýn í skoðanir fólks en fengist með spurningakönnunum. Með því að ræða saman í litlum hópi, veita þátttakendur upplýsingar um hvaða merkingu þeir leggja í það sem verið er að rannsaka og hvernig þeir skilja og skilgreina tiltekna hluti. Umræðuefnið er fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Umræðustjórinn hvetur þátttakendur til að tala um það sem skiptir máli fyrir rannsóknina en gefur

þeim jafnframt tækifæri til að tala frjálsglega út frá eigin sjónarhorni. Þetta er því leið rannsakenda til að hlusta á fólk ræða saman og læra af því sem það hefur fram að færa.

Þátttakendur

Rannsóknin beindist að almenningi en til hentugleika var einungis tekið úrtak af höfuðborgarsvæðinu. Tekið var 200 manna úrtak úr Þjóðskrá í aldurshópnum 18 ára og eldri þeirra sem skráðir voru á höfuðborgarsvæðinu. Spyrjar Félagsvísindastofnunnar hringdu út dagana 21.-22. janúar 2016 með það að markmiði að boða 12 manns í tvo rýnihópa með jafnt kynjahlutfall. Hringja þurfti í 138 manns þangað til næg þátttaka fékkst. Spyrjar Félagsvísindastofnunar lásu staðlaðan texta þar sem fólk var boðið að taka þátt í umræðuhópum um mat almennings á gæðum landslags. Áhugasamir gátu valið um tvær tímasetningar til að taka þátt.

Alls tóku 10 einstaklingar þátt í fyrri rýnihóp en sex einstaklingar í seinni hóp og var jafnt kynjahlutfall í báðum hópum. Aldur þátttakenda var á bilinu 32-64 ára en tafla 1 sýnir aldursdreifingu allra þátttakenda.

Tafla 1. Aldur þátttakenda

Aldursbil	Fjöldi
32-39 ára	3
40-49 ára	6
50-59 ára	1
60-64 ára	6

Langflestir þátttakendur komu úr hverfum Reykjavíkur eða 13 manns, einn þátttakandi kom frá Kópavogi og tveir frá Garðabæ.

Framkvæmd

Fyrri hópur mætti klukkan 17:00, mánudaginn 25. janúar en seinni hópur klukkan 18:00, miðvikudaginn 27. janúar 2016 í húsnæði Félagsvísindastofnunar HÍ. Framkvæmd rannsóknarinnar var tvíþætt, annars vegar fór fram ljósmyndafyrirlögn í tveim hlutum sem fór fram í tölvustofu í Gimli í Háskóla Íslands og hins vegar fóru fram umræður í kjölfarið í kennslustofu við hlið tölvustofunnar. Báðar ljósmyndafyrirlagnirnar tóku samanlagt um það bil 30-40 mínútur. Þar á eftir var tekið um 10 mínútna hlé og að lokum tóku við umræður sem stóðu yfir í eina klukkustund.

Ljósmyndafyrirlögn 1

Myndafyrirlögnin fór fram í tölvuveri þar sem hver þátttakandi sat ótruflaður við sína tölvu í litlum bás. Sýndar voru landslagsmyndir, annarsvegar í venjulegri ljósmyndastærð (hlutföll 4:3) og

hinsvegar í panorama stærð (hlutföll 16:6). Þátttakendur mátu myndir frá tveimur mismunandi svæðum, jarðvarmasvæði á Reykjanesi (svæði A) og vatnsaflssvæði við Þjórsá (svæði B).

Myndafyrirlögnin var í tveimur hlutum. Í myndafyrirlögn 1 voru þátttakendur beðnir að meta 24 myndir í það heila; 8 venjulegar myndir og 4 panorama frá hvoru svæði fyrir sig. Myndir frá A svæði birtust á undan hjá báðum hópum. Fyrri hópurinn mat venjulegar myndir fyrst og svo panorama myndir en seinni hópurinn mat panorama myndir fyrst og síðan venjulegar myndir. Á mynd 1 má sjá þær myndir sem voru sýndar frá svæði A í venjulegu sniði og í panorama sniði. Mynd 2 sýnir þær myndir sem voru metnar frá svæði B, í venjulegu sniði og í panorama sniði.



Mynd 1. Myndir í fyrirlögn 1 frá svæði A



Mynd 2. Myndir í fyrirlögn 1 frá svæði B

Hver mynd birtist tvisvar sinnum. Í fyrra skiptið voru þátttakendur beðnir um að gefa til kynna hversu vel eða illa hver mynd höfðaði til þeirra, á sjö punkta kvarða sem náði frá „mjög illa“ upp í „mjög vel“ (sjá mynd 3).




Hversu vel eða illa höfðar þetta landslag sem sýnt er á myndinni til þín?

Mjög illa Mjög vel


Mynd 3. Fyrsta spurningin úr ljósmyndafyrirlögn 1

Þar á eftir voru birt fjögur andstæð hugtök undir myndinni, hvert á 10 punkta línu. Merktu þátttakendur hvar á línunni þeim fannst að landslagið á myndinni ætti best heima. Kallast þessi aðferð merkingargreining (e. semantic-differential analysis). Mynd 4 sýnir skjáskot af spurningunum í fyrirlögn 1 fyrir mynd í venjulegri stærð frá svæði A.



Mynd 4. Hugtökin í merkingargreiningu í fyrirlögn 1

Gerður var einfaldur hugtakarammi fyrir myndafyrirlögn 1 (sjá mynd 5), til þess að sýna myndrændt hvernig mismunandi viðhorf í garð landslags spilar saman með hversu vel eða illa ákveðið landslag höfðar til þátttakenda.



Mynd 5. Hugtakarammi fyrir ljósmyndafyrirlögn 1

Ljósmyndafyrirlögn 2

Í seinni myndafyrirlögninni voru sýndar átta myndir í það heila. Um var að ræða tvenn pör af myndum frá hvoru svæði fyrir sig. Var önnur myndin venjuleg en hin í panorama sniði. Myndirnar birtust stakar og í handahófskenndri röð en eins fyrir alla þátttakendur. Mynd 6 sýnir dæmi um myndapörin sem notaðar voru í fyrirlögn 2. Þátttakendur voru fyrst beðnir um að meta hversu fallett þeim þótti landslagið. Sú spurning var á sjö punkta kvarða og voru valmöguleikarnir frá „alls ekki fallett“ til „einstaklega fallett“. Mynd 7 sýnir uppsetningu spurningarinnar eins og hún birtist í fyrirlögninni.



Mynd 6. Dæmi um myndapör úr fyrirlögn 2




Hversu fallegt finnst þér landslagið vera sem sýnt er á myndinni?

Alls ekki Einstaklega

Til baka Áfram

Mynd 7. Almenna spurningin í fyrirlögn 2

Hver mynd var einnig metin með tilliti til eftirfarandi átta hugtaka; *hrífandi*, *ósamfellt*, *fjölbreytt*, *snyrtilegt*, *víðsýnt*, *söguríkt*, *jafnvægi* og *náttúrulegt*. Stuðst var við hugtök úr VisuLands verkefninu (2003) sem Tveit og félagar (2006) gera einnig greinargóð skil á. Hugtökin voru metin á sjö punkta kvarða þar sem há einkunn gaf til kynna að hugtakið ætti mjög vel við landslagið. Hver mynd birtist því þrisvar sinnum á skjánum hjá þátttakendum, fyrst eingöngu með almennu spurningunni, en síðan tvisvar sinnum með fjórum hugtakapörum í hvort skipti. Mynd 8 sýnir fyrri hluta hugtakanna í fyrirlögn 2.




Hvernig metur þú landslagið sem sýnt er á myndinni með tilliti til neðangreindra hugtaka?
Há einkunn þýðir að hugtakið eigi vel við landslagið, lág einkunn gefur til kynna að hugtakið eigi ekki vel við landslagið.

	1	2	3	4	5	6	7
Hrífandi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input checked="" type="radio"/>	<input type="radio"/>
Fjölbreytt	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input checked="" type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Víðsýnt	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input checked="" type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Söguríkt	<input type="radio"/>	<input checked="" type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

Til baka Áfram

Mynd 8. Fyrri fjögur hugtakapörin úr fyrirlögn 2

Mynd 9 sýnir hugtakakort fyrir seinni ljósmyndafyrirlögnina en ítrekað er að það var ekki markmið þessarar rannsóknar að kanna orsakasamhengi hugtakanna.



Mynd 9. Hugtakakort fyrir ljósmyndafyrirlögn 2

Að þessu loknu svöruðu þátttakendur átta stöðluðum spurningum um bakgrunn, sjö spurningum um upplifun og ferðalög, auk fimm spurninga sem tengdust umhverfisvitund og viðhorfum til umhverfismála. Allar bakgrunnsspurningarnar má finna í viðauka 1.

Umræðurammi

Þegar þátttakendur höfðu lokið við að meta ljósmyndirnar í tölvuveri var sest í aðra kennslustofu og bað umræðustjóri þátttakendur fyrst um að kynna sig fyrir hópnum. Því næst fylgdu umræður sem snéru að viðhorfum þátttakenda til landslagsins sem þeir höfðu metið, annars vegar myndum í venjulegri stærð og hins vegar í panorama stærð. Einnig var farið yfir orðalag spurninga í fyrirlögnunum, skilning á kvörðum sem notaðir voru auk almennra spurninga um hvaða atriði skiptu mestu máli hvað upplifun á landslagi varðar. Þar á eftir tók við kynning á niðurstöðum úr fyrirlögn 1, þ.e. á þeim fjórum myndum sem voru hæst og lægst metnar í flokki beggja stærða. Auk þess var sú mynd sýnd sem var með mestu dreifni í einkunnagjöf, þ.e. sem þátttakendur voru helst ósammála um. Þátttakendur voru beðnir um að viðá allar skoðanir sínar um þessar myndir og reyna að greina þá þætti í landslaginu sem leiddu til tiltekinnar einkunnar. Að lokum var farið yfir algengar spurningar í landslagsrannsóknnum sem fjalla um þau einkenni og þá upplifun sem fólk tengir við landslag, virði þess og helstu ógnir sem steðja að íslensku landslagi.

Að síðustu voru viðmælendur spurðir hvort þátttaka í rannsókninni hefði haft áhrif á hugmyndir þeirra um landslag. Einnig gafst þeim kostur á að koma á því á framfæri sem þeir töldu mikilvægt en tengdust ekki endilega spurningum umræðustjóra. Umræðurammi sem notast var við í umræðunum má finna í viðauka 2

Skráning og úrvinnsla gagna

Umræðurnar voru teknar upp og afritaðar orðrétt. Umræður í hvorum rýnihópi fyrir sig voru lesnar vandlega yfir og meginatriði þeirra dregin fram með því að gefa textabútum nafn, en slík vinnuaðferð nefnist kóðun. Í framhaldi voru allar kóðanir flokkaðar í meginþemu og undirþemu.

Viðmælendum var heitið trúnaði og verða umræðurnar hvergi birtar í heild sinni. Við skrif upp úr umræðunum eru þátttakendur ekki nafngreindir, né er vitnað beint í þá ef talið er að hægt sé að rekja upplýsingarnar til viðkomandi. Niðurstöður verða þess vegna birtar sem sjónarmið hóps í stað þess að lýsa skoðunum ákveðinna einstaklinga.

Styrkleikar og takmarkanir rannsóknarsniðs

Í eigindlegum rannsóknum aflar rannsakandi gagna án milliliða og án þess að nota spurningar sem fela í sér fyrirframgefna svarmöguleika. Þar af leiðandi er rannsakandi ekki eins bundinn af áhyggjum af því hvort þátttakendur hafi skilið spurningarnar rétt. Enn fremur hafa rýnihópar þann kost að byggja á samskiptum fólks. Þannig geta komið fram upplýsingar sem erfitt væri að ná fram með einstaklingsviðtölum. Í hópnum er rætt um sameiginlegan reynsluheim sem getur stuðlað að því að einstaklingar opni á umræður sem annars væru huldar rannsakanda (Madriz, 2000).

Takmarkanir eigindlegra rannsókna eru fyrst og fremst taldar felast í alhæfingargildi þeirra. Með spurningunni um alhæfingargildi rannsóknar (e. generalizability) er átt við það hvort hægt sé að heimfæra niðurstöður hennar yfir á annan hóp en þann sem tók þátt í rannsókninni. Niðurstöður þessarar rannsóknar hafa ekki alhæfingargildi og því er ekki hægt að heimfæra þær upplýsingar sem gögnin veita yfir á þýði almennings á höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem nota hina eigindlegu aðferðafræði hafa það þó yfirleitt ekki að markmiði að gefa mynd af skoðunum fjölmargra einstaklinga og alhæfa þær yfir á stærri hóp (Bogdan og Biklen, 1998). Aftur á móti geta niðurstöðurnar gefið vísbendingar um að málum sé líkt farið hjá öðrum í svipaðri aðstöðu.

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðunum sem hér birtast er skipt upp í fjóra meginkafla sem endurspeglu uppsetningu myndafyrirlagnanna og umræðurammans. Til að byrja með er farið yfir helstu atriðin sem fram komu hjá báðum hópum um áhrif mismunandi ljósmyndasniðs á viðhorf til landslags. Næsti kafli fjallar um niðurstöður úr ljósmyndafyrirlögn 1. Því næst er fjallað um skilning þátttakenda á hugtakapörunum í fyrirlögn 1 og þá er myndafyrirlögn 2 kynnt. Loks er farið yfir niðurstöður um upplifun á landslagi almennt og skiptist sá kafli í fimm undirkafla þar sem farið er yfir hvaða þættir skipta máli í landslagsupplifun, hvað þátttakendur tengja við orðið landslag, hverjar eru minnstæðar landslagsupplifanir þeirra og hverjar væru helstu ógnir við íslenskt landslag. Síðasti kafllinn skiptist svo í þrjá undirkafla þar sem farið er yfir tvo viðamikla flokka af aðal ógnum, annars vegar um ágang og stýringu aðgengis um náttúru og svo hins vegar um virkjanaf framkvæmdir, en auk þess er einn viðaminni flokkur fyrir náttúrulegar og óskilgreindar ógnir.

Viðhorf til mismunandi ljósmyndasniðs

Þegar rætt var við hópana um viðhorf til mismunandi ljósmyndasniðs og hvort myndsníðið hefði mögulega haft áhrif á einkunnagjöfina þróuðust viðbrögðin á sama hátt í báðum hópum. Fyrstu svör voru á þá leið að fólk taldi að sníð mynda hefði ekki haft mikil áhrif á einkunnagjöfina en þó voru heldur jákvæðari viðbrögð gagnvart panorama myndunum. Þær gáfu breiðara sjónarhorn og víðsýni, einstaka þátttakanda fannst hann greina betur smáatriði á þeim og fá betri tilfinningu fyrir landslaginu, meira í líkingu við það að vera á staðnum sjálfum. Panorama myndirnar þóttu sýna samhengi landslagsins og heildarmynd þess betur en venjulegu myndirnar.

[Spyrill: Fannst ykkur eitthvað skipta máli þegar þið voruð að svara þessum spurningum, hvernig formatið á myndunum var?] Nei alls ekki. Mér fannst það ekki hafa áhrif. Allavega ekki á mig sko (kk, hópur 1):

Aðeins, á sumum myndum, þá var bara svona landslag meira í samhengi [...]. Eins og í þessu gljúfri þarna, það var bara svona, eins og horft út gljúfrið, þú sást ekki gljúfrið þannig ef þú tókst ekki, svona víðari mynd [...]. Það svona hafði aðeins áhrif (kk, hópur 1):

Það var ekkert öðruvísi að svara þeim. Fannst mér (kvk, hópur 2):

Það er flottara að sjá þetta í neðri rammanum [panorama myndin]. Það er ekkert það mikill munur svosem (kk, hópur 2):

Ég hef kannski svarað frekar að þær væru víðsýnni (kk, hópur 2):

Mér fannst ég sjá meiri hérna svona smáatriði [vísar í panorama mynd]. [...] Þá sá ég meiri girðingar og eitthvað svoleiðis (kvk, hópur 2).

Mér finnst alltaf fallegra að ef ég hef, svona eins og maður sé þar sjálfur. Úti í náttúrunni. Víðara (kk, hópur 2):

Síðan gerðist það hjá báðum hópum að eftir því sem umræðurnar þróuðust og þátttakendur fengu myndapör til að styðjast við í umræðum sínum, að jákvæðar umræður um venjulegu myndirnar tóku yfir. Kostir og gallar þeirra voru ræddir, þær voru taldar „eðlilegri“, „hreinna“, „náttúrulegri“ og „fallegri“ en einnig tengdu þátttakendur landslagið við reynslu sína í sambærilegu landslagi. Þátttakendum fannst myndefnið skipta miklu máli þegar verið var að meta myndsníðið og fannst að í sumum tilfellum hentaði annað sníðið betur en hitt.

Mér finnst eiginlega betra að hafa þrengra sjónarhorn [...] það eina sem þetta [tilvísun í panoramamynd] hefði haft áhrif á hefði þá verið víðsýni eða eitthvað slíkt (kvk, hópur 1):

Mér fannst einstaka sinnum minni myndin fallegri [...]. Mér fannst það hreinna einhvern veginn eða náttúrlegra (kvk, hópur 2).

Mér finnst til dæmis efri myndin fallegri fyrir minn smekk [vísar í mynd af venjulegri stærð af Reykjanesi]. Ég sé meiri urð og grjót eins og á Vopnafjarðarheiðinni, sem ég var alveg búin að fá nóg af. Þannig að mér finnst efri myndin fallegri (kvk, hópur 2).

Mér fannst það skipta máli eftir því hvert myndefnið var sko. Ef myndefnið var t.d. að horfa vítt, þá var betra að horfa á svona breiða mynd, eða víða, en ef maður er að horfa á það sem er nær, þá finnst mér svona hefðbundið myndsníð betra. Maður fær aðra tilfinningu fyrir t.d. útsýni, en á móti kemur að þá virka hlutir líka fjær (kk, hópur 1):

Aðspurð hvort að þau hefðu svarað spurningunum á sama hátt ef þau hefðu verið stödd á staðnum þar sem myndirnar voru teknar, þá var það einna helst veðurfar sem þótti skipta máli fyrir viðhorf til landslagsins. En á móti voru þau nokkuð sammála um að veðurfar á myndunum hefði haft lítil áhrif á einkunnargjöf þeirra.

Mér finnst veðrið ekki samt skipta svona miklu máli [...]. Mér finnst ekki, hvort það er grenjandi rigning á myndinni eða ekki. Það myndi ekki hafa áhrif á mitt svar (kk, hópur 1).

Niðurstöður úr ljósmyndafyrirlögn 1

Í fyrri ljósmyndafyrirlögn rannsóknarinnar var spurt hversu vel eða illa landslag á 24 myndum höfðaði til þátttakenda. Einkunnagjöf þessara mynda var könnuð og þær myndir sem hlutu hæstu eða lægstu einkunn af hvorri stærð, sem og sú mynd sem ólíkustu viðhorfin fékk, voru sýndar með skjávarpa hópunum til frekari umræðu. Samhljómur var á milli einkunnagjafar hópanna fyrir venjulegu myndirnar en einkunnagjöf annarra mynda var ólíkari. Í viðauka 3 má finna yfirlitstöflu yfir einkunnagjöf hópanna fyrir allar 24 myndirnar og í viðauka 4 má finna niðurstöður fyrir allan hópinn í heild sinni þar sem einkunnagjöfinni er einnig skipt upp eftir kyni.

Hver mynd fyrir sig var sýnd á skjávarpa og þátttakendur beðnir um að ræða hvort þeir væru sammála einkunnagjöfinni og hvaða þættir mögulega skýrðu mögulega einkunnagjöfina.

Hæst metna venjulega myndin

Hæst metna venjulega myndin var sú sama hjá báðum hópum (sjá mynd 10).



Mynd 10. Hæst metna venjulega myndin fyrir báða hópa

Hvað fyrstu myndina varðar var rætt um hugtök eins og; fallett, jafnvægi, fjölbreytni, að myndin væri symmetrísk, samræmi og friður ríkti, ekkert truflandi áreiti væri til staðar, gróðurfarið (eða skortur á því) væri heillandi, landslagið væri víðsýnt og ósnortið. Eins að landslagið líktist því sem

finnst á hálendinu og myndin byggi yfir góðu samræmi af fjöllum, vatni og grjóti. Ef myndin myndi stækka myndu bara bætast við auðir melar og vatnið yrði hlutfallslega minna, sem myndi draga úr fegurð landslagsins, en sumum þótti þó gróðurleysið í melunum vera heillandi.

Kleifarvatnið er náttúrulega bara örskotsstund frá höfuðborgarsvæðinu. Og mér finnst það ótrúlega fallegt sko. Fallegt landslag, móbergið þarna er mjög marbreytilegt, það er fjölbreytni í móberginu. Merkileg jarðfræði þarna. Og náttúrulega vatnið, Kleifarvatnið er náttúrulega stórmerkilegt af því þetta er langstærsta yfirborðsvatnið á Reykjanesinu. Eiginlega eina almennilega – mér finnst þetta flott (kk, hópur 1).

Ósnortin, mikið víðsýni, svona ekta íslenskt landslag eins og kominn á hálendið [...] þetta er svo gróðurlaust (kk, hópur 2).

Svo er hún bara svo symmetrísk sko, bara eins og flott málverk bara (kk, hópur 1).

Mér fannst einmitt gaman að sjá hérna fremst þar sem steinarnir liggja hérna fremst í myndinni og grasstráin svona í allar áttir og – reyna að berjast þarna upp úr mölinni (kvk, hópur 1).

Lægst metna venjulega myndin

Sama myndin fékk lægstu einkunn hjá báðum hópum sem var af landslagi með votlendi á Reykjanesi (sjá mynd 11).



Mynd 11. Lægst metna venjulega myndin

Tíðarfarið hafði sterk áhrif á viðhorf þátttakenda til landslagsins. Þátttakendur voru sammála um að votlendið væri torfært gangandi fólki og fólk talaði um að verða blautt í fæturnar af tilhugsuninni um þetta landslag. Það var þeim ljóslifandi hvernig tilfinningin væri að ganga þarna um og höfðu sumir orð á því að ef labbað væri yfir svona land myndi það taka jarðveginn órátíma að jafna sig og slíkt gerði maður einfaldlega ekki. Einn minntist á rofið í hlíðinni sem honum þótti ekki fallett og annar talaði um að svæðið væri uppblásið. Tveir töluðu um að svæðið líktist umhverfisslysi, með menguðu blágrænu vatni en annar sagði vatnið mögulega vera hveravatn. Einn úr hvorum hóp var þó jákvæðari og töluðu um að á góðum sumardegum væri þetta eflaust mjög fallett landslag og það væri hægt að ganga þarna um ef farið væri varlega.

Þetta er allt vatnsósa þarna. Maður labbar eitthvað sko, þá veit maður það að maður veður drullu upp að hnjám og skilur eftir ljót spor út um allt sko. [...] En þetta er samt mjög, þetta er í raun og veru samt mjög merkilegt. En það er örugglega mjög flott að vera þarna á góðum sumardegum, þar sem er þú veist, bara þurr og grænt gras (kk, hópur 1).

Svo í hlíðinni fyrir ofan sko, þá er rofið mjög áberandi. Það er kannski, manni finnst það ekkert mjög fallett sko. Þannig séð sko (kk, hópur 1).

Þú kemst ekki yfir og ekki neitt (kk, hópur 2).

Já. Og náttúrulega, þetta eru svona mýrar, uppblásið svolítið eða sem sagt [...]. Já, ég varð bara blaut í fæturnar og mér fannst að ekki væri hægt að drekka vatnið (kvk, hópur 2).


Já, mér finnst þetta vera mengunarslys. Þetta var svona, hvað á maður að segja blágrænleitt vatn einhvern veginn og ég ímyndaði mér að þetta væri affall úr Bláa lóninu eða eitthvað svona, sem er náttúrulega mengunarslys út af fyrir sig (kk, hópur 2).

Er þetta ekki bara hverasvæði? Mér finnst þetta nú nokkuð fallett. Það er gott göngusvæði þarna við hliðina þarna, þú veist, maður fer bara hægt um (kk, hópur 2).

Hæst metnu panorama myndirnar

Fyrri rýnihópur

Hópur 1 gaf panorama mynd af skarði eða gljúfri á Reykjanesinu hæstu einkunn allra panorama myndanna (sjá mynd 12).



Mynd 12. Hæst metna panoramamyndin að mati fyrri rýnihóp

Þátttakendur þekktu landslagið af annarri mynd sem var venjuleg og í þessari stærð fannst þeim landslagið meira heillandi, að gljúfrið opnaðist. Þau notuðu orð eins og framandi og dulúðlegt og gáfu til kynna að þetta væri landslag sem þau sæju fyrir sér að væri gott að ganga í. Einn tók það fram að þetta landslag gerði ekkert fyrir sig og annar talaði um að skyggnið væri ekki gott á myndinni en eflaust væri gott útsýni þaðan.

Maður getur líka sagt kannski að þessi sé svolítið framandi (kvk, hópur 1).

Skyggnið er ekkert mjög gott sko. Ef það væri aðeins bjartara yfir, þá sæi maður lengra sko, af því það er mjög flott útsýni sko. Mér finnst þetta vera staður sem er svona gaman að ganga á. Held að það sé það (kk, hópur 1).

Seinni rýnihópur

Hæst metna panorama myndin að mati hóps 2 var af fjallasýn með áberandi sólarljósi (sjá mynd 13).



Mynd 13. Hæst metna panorama myndin af mati seinni rýnihóps

Mátti greinilega heyrja að samspil ljóss og skugga hafði mikla þýðingu fyrir einkunnagjöfina og sveipaði rómantískum blæ yfir svæðið. Sumir voru forvitnir um hvar myndin væri tekin en enginn gat staðsett landslagið á Reykjanesinu. Var talað um líkindi landslagsins við það sem gerist hærra á fjöllum og þótti landslagið hrikalegt og gróðurlaust en einn taldi að það væri beit á svæðinu.

Flott kannski er það bara sólin og skuggarnir (kvk, hópur 2)

Hún er svolítið rómantísk (kvk, hópur 2)

Hrikalegt landslag [...]. Fallega ljót (kk, hópur 2).

Fallegir litir og svona – Og hálfgróðurlaust. Þetta er náttúrulega bara samt einhvern veginn sandhólar einhvern veginn að sjá (kvk, hópur 2).

Er þetta Trölladyngja eða Grænadyngja? Veistu það? [...]. Það mætti samt setja smá meiri áburð á þennan túnblett sem er þarna. Það er beit þarna. Ég hef séð rollur þarna sko. Mjög fallegt, en þetta er orðið svo svolítið kroppað niður (kk, hópur 2).

Lægst metnu panorama myndirnar

Fyrri rýnihópur

Sú mynd sem hlaut lægstu einkunn af panorama myndunum hjá hópi 1 var af jarðhitasvæði á Reykjanesi (sjá mynd 14).



Mynd 14. Lægst metna panorama myndin að mati fyrri rýnihóps

Tíðarfarið og litirnir sem einkenna landslagið voru einna helst til umræðu, bæði í jákvæðu og neikvæðu samhengi. Hópurinn áttaði sig strax á að um væri að ræða sama svæði og í verstu venjulegu myndinni.

Þetta svæði sko, það skiptir algjörlega um lit ef þú kemur á það svæði eftir rigningartíð, þá er það svona, en ef þú kemur á þurrkatíð, þá eru litirnir miklu sterkari og meira áberandi. Þetta eru mjög mikið af söltum sem skolast út í rigningu. Þannig að, ef maður vill fara og njóta þessa svæðis og njóta lita þá fer maður eftir þurrka (kk, hópur 1).

Þetta verður eins og litapaletta. Aftur þetta með árstíðina sko. Þessi litli gróður sem er þarna, hann er orðinn eins, þú veist eins steindauður og hægt er þegar myndin er tekin sko (kk, hópur 1).

Svo er náttúrlega einhver dumbungur þarna, ef þið horfið upp í himinninn. Skýjað (kvk, hópur 1).

Seinni rýnihópur

Lægst metna panorama myndin að mati hóps 2 var af árbakka Þjósár (sjá mynd 15).



Mynd 15. Lægst metna panorama myndin að mati seinni rýnihóps

Þátttakendur áttu nokkuð erfitt með að ræða þessa mynd og voru heldur fáyrtil og tveir mundu ekki eftir myndinni. Helst var kuldatilfinning og hversu þungt var yfir landslaginu nefnt sem ástæður einkunnagjafarinnar en tveir þátttakendur töldu upp heldur jákvæðari kosti við landslagið og voru ósammála um að landslagið væri óspennandi.

Kannski bara svolítið skýjað eða ég veit ekki (kvk, hópur 2).

Landslagið óspennandi (kvk, hópur 2).

*Ég veit ekki. Mér fannst þetta einmitt vera ósnortið og sá fullt af fuglum fyrir mér.
Mér fannst þetta ekki óspennandi (kvk, hópur 2).*

*Ég man nú ekki einu sinni eftir þessari mynd. [...] Nei, mér finnst þetta mjög fallegt.
Ég er mjög mikið fyrir strendur og árbakka og svona sandbakka. Þessu er alveg stolið úr mér (kk, hópur 2).*

Ólíkustu viðhorfin

Fyrri rýnihópur

Myndin sem fékk mesta dreifni í einkunnagjöf hjá hóp 1 var tekin á sama stað og besta myndin, af Reykjanesinu, en frá öðru sjónarhorni þó. Myndina einkennir stór grunnflötur af gróðurlitlum mel og fjallasýn.



Mynd 16. Ólíkustu viðhorfin hjá fyrri hóp

Grunnflöturinn og gróðurleysið var aðal umræðuefnið, grunnflöturinn þótti fylla hlutfallslega of mikið af sjónsviðinu og riðla samhengi landslagsins þótt þátttakendur væru almennt jákvæðir í garð landslagsins.

Þetta bara lítur út fyrir að vera mynd frá einhverri annarri plánetu (kk, hópur 1).

Það eru steinarnir og grasstráin sem að við erum búin að tala um, þau eru farin að taka of mikinn toll, það er búið að missa yfirsýnina (kvk, hópur1).

Mér finnst þetta reyndar alveg fín mynd sko. Það er kannski eins og ég segi, það er kannski svolítið mikið þarna, af þessu herna [bendir á grunnflötinn], eins og myndin áðan, þá var bara smá hluti af þessari þarna fremstu, steinunum og hríslurnar þarna, það er svo stórt vægi þarna.[...]. En umhverfið er samt flott. Samspilið þarna á milli (kk, hópur 1).

Hafið þið lesið Ferðabók, herna Árbók Ferðafélagsins sem var gefin út um Reykjanesið, sem var gefin út, hvort það var á sjöunda áratugnum, eða í byrjun

áttunda? Nei, þá skrifa þeir og þeir lýsa sem sagt fuglalífi og gróðri. Og lýsingin varðandi gróðurinn á Reykjanesi er þannig að maður eftir að hafa lesið það, þá heldur maður að maður sé bara að ganga í blómabreiðu. Það er svo mikil orð um blómin sem eru þarna. Hann er greinilega að horfa á hið smáa. En svo er maður þarna á þessu svæði og það eru berar klappir, og það er uppblástur og svona hrjóstur (kk, hópur 1).

Seinni rýnihópur

Sú mynd sem fékk mesta dreifni í einkunnargjöf hjá hóp 2 var af grænum móa með fjallasýn í bakgrunni (sjá mynd 17).



Mynd 17. Ólíkurstu viðhorfin hjá seinni hóp

Hópurinn var sammála um að þetta landslag einkenndist af dæmigerðu íslensku láglandis landslagi, það vakti enga sérstaka upplifun eða hrifningu og var að þeirra mati venjulegt umhverfi. Þau notuðu ekki mörg hugtök til að lýsa landslaginu og voru heldur fámál.

Spennandi bara fyrir hvað það er mikill fjölbreytileiki [...]. Kannski er það veðrið. Drungalegt (kk, hópur 2).

Þetta er kannski bara ekta svona, ekta íslenskt. [...]. Getur verið hvar sem er, já (kvk, hópur 2).


Já, mér finnst þetta frekar hrjóstugt svona (kvk hópur 2).



Þetta er bara úti í sveit. [...] þar sem er óræktarland, en svo bærinn í fjarska og það er ræktarland nær bænum einhvern veginn. Þetta er eitthvað mjög venjulegt bara eitthvað [...]. Ég man ekkert hvort ég gaf henni hátt eða - það var bara tilfinning (kvk, hópur 2).

Skilningur atriða úr fyrirlögn 1


Í ljósmyndafyrirlögn 1 voru þátttakendur beðnir um að gefa til kynna hversu vel eða ílla landslag á 24 myndum af tveim mismunandi svæðum höfðaði til þeirra. Þar af voru átta ljósmyndir af hvoru svæði í venjulegri stærð og 4 í panorama stærð. Því næst áttu þátttakendur að gefa til kynna viðhorf sín á merkingargreiningarkvarða (e. semantic differential kvarða), þar sem fjögur mismunandi hugtakapör voru birt. Svörin voru gefin til kynna með að staðsetja kross á samfellda línu eins og sjá má á mynd 18. Hugtakapörin sem um ræðir voru: *kunnuglegt – framandi*; *algengt – einstakt*; *áhugavert – óspennandi* og *ósnotið – raskað*. Þessi hugtök eiga sér upptök í þekktum kenningum og hugtökum innan landslagsrannsókna (Kaplan, 1995; Tveit o.fl., 2006).



Hvað finnst þér um landslagið á þessari mynd?

Kunnuglegt - 0	<input checked="" type="checkbox"/>	10 - Framandi
Algengt - 0	<input checked="" type="checkbox"/>	10 - Einstakt
Áhugavert - 0	<input type="checkbox"/>	10 - Óspennandi
Ósnortið - 0	<input type="checkbox"/>	10 - Raskað

Til baka Áfram



Mynd 18. Mat á viðhorfum til landslags í fyrirlögn 1.

Fyrri tvö hugtakapörin fengu samhljóma gagnrýni fyrir að erfitt hefði verið að vita hvort þátttakendur ættu að miða út frá sjálfum sér, út frá sjónarhorni Íslenskrar náttúru eða á alheimskvarða. Öll upplifuðu þau að myndirnar væru dæmigerðar fyrir fjölbreytileikann í íslensku landslagi og landslagið var þeim því afar kunnuglegt þó að þau hefðu ekki endilega upplifað tiltekna staði persónulega.

Sko, ég leyfði mér að horfa á ‚kunnuglegt‘, sem sagt þetta minnti mig á eitthvað, þó ég væri ekkert viss um að ég hefði séð þetta land (kvk, hópur 2):

Ég hikaði þegar ég sá fyrstu myndina, þá var einmitt verið að spyrja hvort þetta væri ‚algengt‘ eða sem sagt ‚einstakt‘ á þeim mælikvarða. Þá fór ég að hugsa: bíddu, við hvað er verið að miða? Og það var á Reykjanesinu, Kleifarvatninu, Sveifluhálsinum og þetta. Og þá fór ég að hugsa sko: ókei, þetta er, á alþjóðavísu er þetta einstakt. Á íslenskan mælikvarða er þetta ekki einstakt, þetta er, móberg er algengt á Íslandi en það er einstakt að geta skoðað móbergsfjöll með þessum hætti í heiminum. Þannig að ég var svona að velta fyrir mér, á ég að svara þessu út frá Íslandi eingöngu eða á ég að horfa víðar sko (kk, hópur1):

Já, ‚framandi‘ er teygjanlegt. Framandi er, það er bara eitthvað langt í burtu í útlöndum. Er eitthvað framandi fyrir okkur hér? (kvk, hópur 1).

Einnig fannst þeim erfitt að gefa upp hvort eiginleikar tiltekins landslags ættu meira við annað hvort hugtakið. Þetta átti sérstaklega við um hugtakapörin *algengt - einstakt og framandi - kunnuglegt*. Allir voru sammála því að bæði hugtökin gætu átt vel við sama landslagið, eftir því hvaða sjónarmið ættu í hlut.

Já, ég var að fatta, ég hef sett oft ‚algengt‘, en auðvitað er það líka ‚einstakt‘ sko (kvk, hópur 2):

Ég setti stundum X-ið bara í miðjuna af því ég vildi gefa því bæði séns (kvk, hópur 2):

Ef við myndum sjá fallett hraun, þó ég væri staddur þarna bara fyrir stuttu síðan, þá finnst mér það framandi. Þú veist að sjá svona úfið hraun og svoleiðis, svona kunnuglegt, er eitthvað svona, aðeins öðruvísi (kk, hópur 1).

Þátttakendur í hópi 1 minntust sérstaklega á að þeir ættu margir hverjir erfitt með að átta sig á hvers konar landslag þeim þætti falla undir „óspennandi“.

Ég var aðeins svona með ‚óspennandi‘. Ég meina, finnst manni eitthvað svona landslag óspennandi? [...]. Hvaða landslag er óspennandi? Ég var alveg svona aðeins að róta í hausnum á mér með það. Hvað finnst mér óspennandi landslag eða... (kvk, hópur 1).

En hvort það er sko langt frá því að vera óspennandi eða svona bara, ekki spennandi. Það er dálítill munur á að vera áhugaverður, eða spennandi, eða bara óspennandi (kvk, hópur 1).

Hvað varðar síðasta hugtakarið fékk „raskað“ drjúgar umræður. Þátttakendur útskýrðu skilning sinn á hugtakinu og gáfu einróma til kynna að hvers konar mannleg ummerki væru skilgreind sem röskun á umhverfinu, þ.m.t. hljóð frá rafmagnslínunum og skógrækt. Hins vegar kom það skýrt fram að þó að landslag bæri merki um röskun þá gæti það vel verið fallett eða aðlaðandi engu að síður. Máli sínu til stuðnings nefndu þeir myndir frá Þjórsársvæðinu.

Já, en sko. Eins og við vorum að tala um þarna þegar sást að bóndinn hefur verið að slá. Það náttúrulega er röskun, en það er ekki í þeirri merkingu að segja, neikvæðrar, en það er röskun á náttúrunni. Það er búið að sem sagt nýta hana í eitthvað annað [...], þannig að ég leyfði mér að fara aðeins yfir röskunina út frá því, þó ég meinti það ekki sem eitthvað, að ég vildi ekki hafa (kvk, hópur 2).

Þú veist bara hvernig er landslagið? Og þá finnst mér við vera búin að raska landslaginu um leið og það er búið að breyta því. En rask þarf ekkert að vera neikvætt. [...] ég var stundum að merkja við mjög áhugavert en samt sko mikil röskun sko. Mér finnst bara vera búið að raska landslaginu. Eins og þarna af túni þar sem var opið tún og það er minna á hólmanum úti í, horft þarna yfir túnið þarna. Mér finnst þetta bara mjög fallett. En það er búið að raska þessu klárlega (kk, hópur1)


Aðspurð hvort að það hefði þurft skilgreiningar á hugtökunum þá töldu þátttakendurnir svo vera, því eins og einn þátttakandi minntist á, fór hann strax að huga að því hvað það væri sem rannsakandinn væri að reyna fá fram með þessum hugtökum. Hins vegar áttu þeir sjálfir erfitt með að leggja til hugtök sem hefðu verið skárri kostur. Meðvitaðir um að rannsóknin væri hluti af Rammaáætlun, lýsti einn þátttakandi því yfir að hún hafði vísitandi svarað út frá þeirri forsendu að það væri ekki svæðinu í hag að velja valkosti eins og „algengt“, því mögulega væri það nýtt sem rökstuðningur fyrir að virkja í slíku landslagi.

Af þessu má álykta að auka meggi gagnsæi hugtakanna til að fá meira afgerandi og áreiðanlegri svör. Leiðbeiningar mættu vera ítarlegri og jafnvel myndi skilningur aukast ef hugtökin væru sett fram í samhengi, t.a.m. sem hluti af setningu. Þessar niðurstöður bera með sér að einstaklingarnir í rannsókninni upplifðu ekki alltaf afgerandi skýr skil milli hugtakanna fyrir það landslag sem sýnt var á myndunum, sem skilaði sér í miðsækni einkunnagjafar á sumum

hugtakapörunum. Þó er aðferðin áhugaverð og væri gagnlegt ef hún yrði þróuð frekar ef nýta á þessa aðferð í áframhaldandi rannsóknum.


Niðurstöður úr ljósmyndafyrirlögn 2

Í seinni ljósmyndafyrirlögninni voru þátttakendur beðnir um að meta átta myndir í það heila, fjórar frá hvoru svæði, tvær venjulegar og tvær panorama myndir. Fyrst voru venjulegar myndir sýndar og því næst panorama myndirnar, í handahófskenndri röð. Myndirnar birtust þó í sömu röð fyrir alla þátttakendur. Fyrst áttu þátttakendur að merkja við hversu fallett þeim fannst landslagið vera á 7 punkta kvarða, því næst birtust átta hugtök, einnig á sjö punkta skala þar sem lágt einkunn gaf til kynna að hugtakið ætti ekki vel við landslagið og hátt skor gaf til kynna að hugtakið ætti vel við landslagið. Hugtökin voru eftirfarandi: hrífandi, ósamfellt, fjölbreytt, snyrtilegt, víðsýnt, söguríkt, jafnvægi og náttúrulegt. Þeim var skipt til helminga og birtist sama myndin því tvisvar á skjá þátttakendanna eins og mynd 19 sýnir.



Hvernig metur þú landslagið sem sýnt er á myndinni með tilliti til neðangreindra hugtaka?
 Há einkunn þýðir að hugtakið eigi vel við landslagið, lág einkunn gefur til kynna að hugtakið eigi ekki vel við landslagið.

	1	2	3	4	5	6	7
Jafnvægi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input checked="" type="radio"/>	<input type="radio"/>
Snyrtilegt	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input checked="" type="radio"/>	<input type="radio"/>
Náttúrulegt	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input checked="" type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ósamfellt	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input checked="" type="radio"/>	<input type="radio"/>



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Mynd 19. Mat á viðhorfum til landslags í ljósmyndafyrirlögn 2.

Niðurstöður úr ljósmyndafyrirlögn 2 eru birtar í viðauka 3. Í ljós kom að einn þátttakandi úr hóp 1 tók ekki þátt í fyrirlögninni, mögulega vegna misskilnings í fyrirmælum. Því er um svör frá 15 einstaklingum að ræða. Yfirhöfuð er ekki er unnt að greina marktækan mun milli stærðar myndar eða milli svæða vegna smæðar úrtaksins og eru niðurstöðurnar því eingöngu birtar til að gefa innsýn inn í viðbrögð og viðhorf þátttakenda til landslagsins. Þessi hluti rannsóknarinnar var ekki ræddur í rýnihópunum sjálfum en mun nýtast sem grunnur að viðameiri rannsókn um efnið.

Upplifun landslags, gildi og ógnanir

Hér verða kynntar heildarniðurstöður einstakra almennta spurninga sem farið var yfir í umræðum.

Hvaða þættir skipta máli þegar þú skynjar landslag

Þátttakendur voru spurðir hvaða þættir skiptu þá máli þegar þeir upplifðu og skynjuðu landslag. Var þá m.a. horft til þátta eins og sögunnar sem landslagið ber með sér, þau hughrif sem landslagið veitir viðkomandi (t.d. endurnæring, ró, innblástur), náttúrleg einkenni (t.d. stórfengleiki, mýkt, fjölbreytni) og svo táknræn einkenni (t.d. frelsi, kraft, frið).

Veðurfar, litir og eigið hugarástand voru þættir sem fengu mikið vægi í umræðum og voru taldir stórir áhrifavaldar þegar kom að því að skilgreina hvaða landslag væri fallett hverju sinni. Einnig var minnst á áhrifaþætti eins og raflínur og hljóð frá þeim, sögu staðarins, félagsskapinn og skapgerð reiðskjóta, hreint loft, gróðurfar og lífríki (fuglalíf og villt dýr), víðsýni, ósnortna náttúru og róandi áhrif náttúrunnar. Truflandi áhrif rafmagnslína fór ekki alltaf saman við neikvæð viðhorf í garð virkjana. Einu sinni var minnst á samspil þeirra þátta sem voru í landslaginu og tilvist vatns í landslagi sem mikilvægt fyrir upplifun.

Ég held það sé veðrið. Þegar það er fúlt veður er maður jafndauna því (kk hópur 2).

Ég hef farið Fimmvörðuhálsinn í 12 tíma í grenjandi rigningu og svo aftur í alveg rosafallegu veðri og ég ætla ekkert að líkja því saman. Þú ert ekki að horfa neitt, þú ert bara að labba. Þannig að þú ert ekkert að njóta (kvk, hópur 1).

Fyrir mig, litirnir. Alveg númer eitt, tvö og þrjú (kvk, hópur 1).

Að sjá, þetta með þetta ósnortna sko. Eins og á Reykjanesinu, það er bara því miður, það er búið að spóla þetta alveg sundur og saman þetta svæði. Þegar maður er að labba þarna um. Og þá aðallega mótörhjóla fólk mjög mikið. Og það truflar mig mjög mikið sko. Og þó það séu fallegir litir og allt það sko (kk, hópur 1).

Já, landslag sko, ég hugsa að flestir hrífist af sko, miklu og stórbrotnu landslagi, eins og Grænlandi, fjöllin, jöklarnir, hafið, þetta samspil og svona og víða á Íslandi og víðsýni skiptir líka máli. Við vitum það bara á höfuðborgarsvæðinu, ef það er útsýni úr íbúð, þá er hún dýrari en sú sem er ekki með neitt útsýni. Og víðsýni virðist skipta Íslendinga mjög miklu máli. En ég held að að það sé rétt sko, að litir skipta mjög miklu máli, allavega fyrir mig, en mér finnst mjög gaman að skoða þetta litla. Forarvilpan sem þú varst að nefna sko, á jarðhitasvæðinu. Sko, ég skoða litina þar og velti fyrir mér, hvers lags leir er í þessu. Þú veist ég hef gaman af þessu litla, ég hef gaman af að skoða smáu hlutina (kk, hópur 1).

Og gróðurfar, að það sé ekki rofabarð einhvers staðar sem eru bara að fjúka burt (kk, hópur 1).

Gaman að rekast á rjúpuunga eða svoleiðis. Ég hef ekki oft gert það en, það er mjög sjaldgæft, en gaman að sjá það (kk, hópur 2):

Vatn. ég er svo ofboðslega heilluð af vatni (kvk, hópur 1).

Ég labbaði einmitt Laugavegin einu sinni og þegar við vorum komin, horfðum yfir þarna Álftavatn, stóðum og horfðum þar yfir, þá voru hérna Bandaríkjamenn þar. Þeir voru búnir að labba út um allan heim og þeir höfðu aldrei séð annað eins. Þar var víðsýni. Maður sá bara yfir og það var bara rosalega flott. Og miklar andstæður og mikið svona, maður sá allt bara þar. Með því að horfa yfir. Þannig að þetta er náttúrliga víðsýnið, þú sérð svo miklar andstæður hérna á Íslandi í fjöllum og náttúrliga litirnir (kvk, hópur 1).

En sko þetta [upplifunin] er tilfinningalegt. Litirnir, vindurinn, hljóðin og svona og við náttúrliga erum heppin, af því við höfum svo mikið pláss, og hérna, við höfum, við vorum að skoða myndirnar áðan og sáum frá Þjórsársvæðinu og ég fletti til baka, Bíddu, var ekki raflína þarna einhvers staðar? Þær trufla mig, af því að eitt af fallettu svæðunum í nánd við höfuðborgarsvæðið er Hellisheiðin og Hengilssvæðið. Og mér finnst alveg skelfilegt að horfa á hvernig er búið að fara með það svæði. Það er alveg óskaplega fallett svæði sem er sundurskorið af leiðslum og rafmagnslínum. Þannig að, það er tilfinningalegt (kk, hópur 1).

Ekkert var minnst á mikilvægi táknræns gildis sem landslagið gæti mögulega falið í sér á þessu stigi.

Hvað er það fyrsta sem ykkur dettur í hug þegar þið heyrið orðið landslag

Þátttakendur nefndu marga náttúrufarsþætti þegar þeir voru spurðir að því hvað væri það fyrsta sem þeim dytti í hug þegar minnst var á orðið landslag. Voru þetta þættir eins og vatn, fjöll, víðsýni, ósnert náttúra og gróðurfar. Eins og áður var einnig talað um mikilvægi lita, veðurfars, og birtu. Hvað líðan í landslagi varðar var einna helst minnst á góðar minningar, ró og vellíðan, en einnig áreynslu við fjallaklifur í gegnum erfið skilyrð. Áttu þátttakendur þá auðvelt með að tengja hugtakið 'landslag' við ákveðna staði eins og hálendið, Reykjanesið og Þingvelli sem þeim fannst eftirminnilegir.

Manni finnst maður svona, maður tekur hausinn á sér svólítið upp á hálendið. Satt að segja (kvk, hópur 2).

Að tala um landslag við mig eftir að ég fór að ferðast meira og eftir að ég fór til Grænlands, þá er það sem sagt náttúrlega fjöllin, himinninn á Grænlandi er alveg ótrúlegur. Birtan sem hefur svo mikil áhrif á náttúruna og landslagið. Myndar skugga og allt mögulegt. Og andstæðurnar, grasið og blóm og svo auðnin, eða sem sagt klettur og, en það er svona, Grænland finnst mér vera með sko svo miklu, miklu, miklu flottari liti heldur en, megnið af Íslandi. Ég segi ekki, við eigum náttúrlega mjög fallega staði, svona litríka, en það er eitthvað sérstakt við litadýrðina og ég held að það sé kannski líka birtan (kvk, hópur 1).

Ef ég á að nefna eitt bara, af því ég hef nú farið hringinn í kringum landið, ég hef farið á Austfirði og Norðurland, Vestfirði, Suður og Norðurfirðina fyrir vestan, og ef ég á að nefna eitthvað eitt svona þá eru það bara fjöllin. Eins og fyrir austan þegar maður var að keyra á Borgarfjörð eystra og þar, og Vestfjörðum og fjöllin þar. Það er bara, ég myndi segja að það sé númer eitt. Litirnir í fjöllum, það er svona það sem ég horfi fyrst á. Svo fer maður náttúrlega svona aðeins að skoða meira (kvk, hópur 1).

Ég bara sé fyrir mér íslenska náttúru. Ég er í svona gönguhóp líka, búinn að fara út um allt líka og maður sér bara það fyrir sér [...]. Þar sem maður hefur verið að ganga og er búinn að sjá (kk, hópur 1).

Mér finnst reyndar alltaf gaman að koma á svona gróna staði, eins og Borgarfjörðinn til dæmis og þú veist þegar þú ert komin með mikla litadýrð í gróðurinn sem er mismunandi eftir árstíðum og birtu og svona, þannig að ég er greinilega þessi týpa sem hangir svólítið í litunum og þessum, svona hvernig það einhvern veginn gefur manni ofsalega mikið (kvk, hópur 1).

Mér finnst landslag ekki þurfa að vera [með] mikinn hæðarmismun. Fjöll og þess háttar. Mér finnst bara flatlendið, það er landslag út af fyrir sig sko. Hérna, en, og mér finnst gaman að horfa til fjalla og ég geng oft á fjöll, en ég heillast mest af ströndinni. Mín sterkasta upplifun finnst mér vera, ef ég álpast út í verulega vondu veðri, einhvers staðar úti á landi, niðri á strönd, þar sem brimið er kannski 20 metra háar öldur sem skella á klettaveggjunum og það titrar allt og skelfur í ofsastormi. Það er alveg ótrúleg upplifun (kk, hópur 1).

Ég er nefnilega akkúrat öfugt. Ég er ekkert fyrir ströndina. Mér er bara illa við sjóinn. Ég bara, ég var í sveit sem krakki þarna í Grímsnesi og þar voru fjöllin í kring sem heilluðu mig. Það var Hestfjall og Búrfell og það bara, ég vaknaði á morgnana og horfði á fjöllin. En að vera einhversstaðar við strönd við sjóinn – Nei (kvk, hópur 1).

Þannig að landslag getur bæði verið eitthvað svona rosalega, bara grátt og stórt og, með miklu kannski einhverju svona fuglalífi eða einhverju.[...] Ég er sammála henni að mér finnst rosalega, þegar maður sér sko landslagsmyndir, þá finnst mér skipta ofboðslegu máli, vatn. Það er kannski einhver svona köllun á þennan bláa lit (kvk, hópur 1).

Að klífa kletta einhvers staðar, það er kannski ekki beint ró sem að fylgir því, samt held ég, frekar hallast í góðar tilfinningar heldur en slæmar, þegar maður hugsar um landslag (kk, hópur 2).

Minnistæð landslagsupplifun

Þátttakendur áttu ekki í erfiðleikum með að tengja ákveðna staði við „mikið“ eða „lítið“ landslag og gátu reifað bæði minningar, staðhætti og líðan bundna við slíka staði. Hins vegar virtist ekki vera afráttarlaust samhengi milli ‚magns‘ landslags og fegurðar þess.

Ég veit ekki, ég meina Suðurland er ekkert mjög mikið landslag, þetta er samt mjög fallett svæði (kk, hópur 2).

Sprengisandur. Ég fór hann einu sinni einn og var svo heppinn með veður, en ég fer aldrei þangað aftur bara af því að vegurinn var þannig. En ég hefði ekki viljað missa af því að fara þar [...] þá sá maður svo langt. Útsýnið var, eða sem sagt, það var óendanlegt bara eins og augað gat eygt. Það var það sem var svo heillandi. En svo eins og þegar maður er í þoku einhversstaðar, eins og kannski á

Hellisheiði eystra í þoku. Og ég hef ekkert séð þar. En mér skilst að það sé mjög fallett (kk, hópur 2).

Hvað minnstæða landslagsupplifun varðar var minnst á marga staði eins og Þingvelli, Mjóafjörð, Mývatnssveit, Borgarfjörð Eystri, Skorradal, Borgarfjörð, Austfirði, Reykhólasveit, Laugaveginn, Lónsöræfi, Austur Skaftafellssýslu, Arnarvatnsheiði, Sprengisand, Þórsmörk, Snæfellsnes, Ásbyrgi, Heklu, Eyjafjörð og Skagafjörð. Hver landshluti hafði sitt aðdráttarafl og var bæði minnst á jákvæða og neikvæða reynslu, fjölbreytileika í landslagi, fegurð og sterka tengingu við bernskuminningar og sögu landsins sem gerði upplifunina minnisstæða.

Já, en nú fór ég Reykjanesið á mótorhjóli í sumar. Og bara: Vá! Ég er hundrað sinnum búin að keyra þessi svæði í bútum í bíl, en á hjóli, þetta er bara alveg svakalegt landslag. Ótrúlegt. Það er bara hægt að eyða mörgum dögum sem túristi og fara frá Reykjavík og út og til baka. Þannig að það þarf ekkert að fara langt. Bara hver hluti landsins er einstakur (kvk, hópur 2).

Nú erum við hjónin með hesta í Miðfirði. Það er alltaf sagt að allir keyri bara í gegnum Húnavatnssýslurnar sem hraðast, því það er ekkert þar að sjá. Svo fer maður inn kannski í áttina að Arnarvatnsheiðinni og er þar og beitir hestana úti í haga. Þá finnst manni bara allt fallett. Það er bara þannig. Því það er þarna allt grænt. Þetta er nánast allt grasi vaxið. Þarna upp á Arnarvatnsheiðinni, en það vantar háu fjöllin. En svo sér maður Langjökul og Eiríksjökul í fjarska. Þannig að þá er maður farinn náttúrulega að tala um að sýslur, eins og að segja, að það er mjög fallett í Húnavatnssýslu þegar maður horfir út. Þá er maður kominn í Strandahreppinn (kk, hópur 2).

Já, ég nefnt það þegar ég fór með, sem sagt fyrsta sumarið með manningum mínum. Við kynntumst á, við ferðumst mikið, sem sagt hann. Keyrðum inn á Sprengisand, bara aðeins, við ætluðum ekkert að fara alveg. Og ég bara bað hann vinsamlegast að snúa við. Ég bara höndlaði ekki þessa auðn. Og treysti bara ekki að ég kæmist til baka. Já, mér fannst það ekki gott. Bara gjöra svo vel að – mín fyrsta upplifun (kvk, hópur 2).

[Spyrill: Af hverju eru þessir staðir ykkur mikilvægir] Þetta er eitthvað bara svona úr minningunni, af þegar maður var krakki (kvk, hópur 1).

Ég fór oft í berjamó þegar ég var barn, í sveit þarna fyrir norðan. Og enn þann dag í dag, þá dreymir mig stundum að ég er í berjamó. Þú veist, það var bara, það var yndislegt, að liggja þarna í þúfunni og éta berin (kvk, hópur 1).

Sagan kannski líka. Það fyrsta sem að maður man frá því að maður var krakki, það eru Þingvellir (kvk, hópur 1)

En ég fór einu sinni Kverkfjöllin, þegar ég var 12, 13 ára gamall. Þar fannst mér ofsalega fallegt. Þá fór maður inn í svona helli. Það var, hún er kölluð Volgrandi, áin. Og þá er sko hver inni í miðjum hellinum. Og það fannst mér alveg, ég hef bara einu sinni gert það sko. Þetta var einstakt (kk, hópur 2).

Ég labbaði Eskifjarðarheiðina einu sinni milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar að sumri til þegar að, var náttúrliga ofboðslega svona kontrast þar eða mismunandi upplifun þegar maður labbar þar og hérna, það voru sömu skilyrði og þegar Bretarnir dóu allir í seinni heimstyrjöldinni þarna. Byrjaði að snjóa þarna um miðjan júní eða byrjun júlí og þá einmitt, þá fékk maður svona tilfinningu fyrir því að: Þú ferð ekkert sko. Hleypur ekkert. Erfið yfirferðar. Það er svona, einmitt, svona panic ástand sem að maður lendir í sko (kk, hópur 2).

Það standa upp úr náttúrliga, gönguferðir um Laugaveginn í góðu veðri, gönguferðir um Hornstrandir í góðu veðri. Það er bara alls, fullt af svoleiðis upplifunum sem að standa kannski upp úr varðandi landslag. Hornstrandirnar eru náttúrliga gersamlega klikkaðar í góðu veðri. Refurinn kemur bara og étur úr lófanum á manni. Það er eitthvað ótrúlegt. Það er kannski það, til að nefna einhverja upplifun (kvk, hópur 2).

Gildi landslags

Þátttakendur voru spurðir um gildi landslags almennt, hvort það hefði einna helst sálfræðilegt/tilfinningalegt, afþreyingar-, efnahagslegt (t.d. í tengslum við ferðamannaíðnað), fagurfræðilegt eða menningarlegt gildi. Þátttakendur nefndu flesta þætti (ekki þó menningarlega þætti) en einna helst var sálfræðilegt, persónulegt og tilfinningalegt gildi áberandi. Að sækja í náttúrulegt landslag væri hluti af lífstíl, væru grunnréttindi og Íslendingar væru heppnir í samanburði við aðrar þjóðir. Það ætti að fara vel með náttúruna og hún væri verðmæt fyrir komandi kynslóðir.

Þetta er nálægðin við jörðina, náttúruna, tengingin að mínu mati. (kvk, hópur 1)

Svona, dálítið eins og þú varst að segja sko, maður náttúrlega sækir svolítið í það að vera úti í náttúrunni bara til þess að sleppa öllu hinu sko. Vera aðeins í kyrrðinni og náttúrunni. Tengja sig aðeins. Þá er ekki mjög gaman að labba um í, þú veist á einhverjum malbikuðum göngustígum og, það bara er ekki það sama sko. Ég bara sko get alveg eins bara labbað á Laugaveginum sko (kk, hópur 1).

Maður finnur alltaf þegar maður er kominn út fyrir höfuðborgarsvæðið að manni finnst maður einhvern veginn, maður er kominn út í náttúruna að maður finnur þetta frjálsræði. Maður er svo frjálst, getur gert einhvern veginn það sem mann langar til einhvern veginn. En þegar maður er í höfuðborginni, þá er maður svona bundinn við ákveðna rúttínu (kvk, hópur 1).

Ég held að við sjáum þetta á föstudagskvöldum oft í Reykjavík. Hvert fólk er að fara? Það er að komast í burtu. Það er það sem það er (kk, hópur 2).

Mér finnst það síst gildi fyrir túrista og mikið gildi fyrir komandi kynslóðir. Það er ekki okkar að nýta allt strax (kvk, hópur 2).

Maður á ekki alltaf að þykjast vera einhvernvegin æðri náttúrunni. Það er kannski það (kvk, hópur 2).

Hvaða ógnir steðja helst að íslensku landslagi almennt

Aðspurð um ógnanir við íslenskt landslag var rætt um efni sem flokkað var í þrjú þemu. Í fyrsta lagi var ágangur mannsins áhyggjuefni og hvernig hægt væri að stýra aðgengi að íslenskri náttúru. Því næst var rætt um virkjanaframkvæmdir og loks var imprað á öðrum ógnum, náttúrulegum eða ófyrirséðum ógnum.

Ágangur mannsins og stýring aðgengis

Þátttakendum fannst skorta langtímahugsun og reglugerðir um aðgang og umgengni ferðamanna og útivistarhópa (minnst var á vélhjól, hestamenn og gangandi). „Við“ hefðum ekki brugðist við og ekki hugað að uppbyggingu við ferðamannastaði. Þeir nefndu sérstaklega að engum fyndist neitt athugavert við að greiða fyrir að heimsækja erlendar náttúruperlur og því fráleitt að það væri ekki innleitt hér á landi til að hægt væri að verja fé í uppbyggingu ferðamannastaða. Rætt var um náttúrupassann sem ekki gekk að koma á, hvernig almannarétturinn tengdist því, hvað almannarétturinn felur í sér og að þarna þurfi í raun breytingu á vegna breyttra tíma. Þó voru misjöfn sjónarhorn, sumir þekktu til ágangs um einkalóðir en öðrum fannst ótrúlegt ef fólk myndi æsa sig yfir nokkrum lófafyllum af berjum og að fólk hlyti að mega fara í berjamó eins og áður. Ferðaþjónustufyrirtæki og rúfufyrirtæki þóttu vera ógnun við landslagið, heltekin af

græðgissjónarmiðum og sköpuðu gríðarlegan ágang við náttúruperlur með tilheyrandi álagi á landslag og náttúru. Náttúruperlur eins og Þingvellir og Geysir sem heimsóttar voru í æsku væru orðnar „glataðar“ vegna gífurlegs ágangs erlendra ferðamanna sem innlendir ferðamenn hættu sér ekki í lengur. Í framhaldi af þessu fóru umræður að snúast um miðbæ Reykjavíkur í öðrum hópnum og að „Laugavegurinn væri ónýtur“ meðal annars vegna fjölgunar lundabúða og hótela. Háar hótélbyggingar voru líka illa séðar í miðbænum.

[S: Finnst ykkur einhver sérstök ógn steðja að landslaginu á Íslandi?] Túristar, og þá meina ég ekki bara erlendra sko. Líka okkar fólk. (kvk, hópur 2).

Mér finnst eiginlega vera tvennt sem ógnar landslagi. Það er annars vegar ágengi, hvernig við göngum um landið, þarf að stýra því miklu betur og dreifa álagi og búa svæði betur undir álag. Eins og vinsælustu ferðamannastaðir og svona það getur haft heilmikið að segja, því við sjáum þessa vinsælustu staði, þeir eru að drabbast niður. Það skiptir máli, því ég sé ekki svona að það sé að draga úr þessu á allavega næstu árum. Og svo finnst mér skipta miklu máli að það sé vandað miklu meira til ákvarðanatöku um sko varanlegar breytingar á landslagi. Þegar við tökum ákvarðanir til dæmis um virkjanakosti, hvar við leggjum rafmagnslínur, hvar við leggjum vegi, hvernig leggjum við vegi, hvernig leggjum við vegi o.s.frv. Mér finnst að við þurfum að huga miklu betur að þessu. Því að sumt er, sko náttúran er bara breytileg. Náttúra, landslag breytist. Mjög mikið. Og í rauninni meira kannski heldur en við mennirnir gerum, en það er svona annars konar breyting (kk, hópur 1).

Ég held að sko, ef það er ekki stýrt aðeins betur ágangi ferðamanna og skilgreina betur svona, hvort sem þar er mótörhjólafolk eða hvað, það á eftir að klára að skilgreina, hvað má og hvað má ekki. Þú veist þetta er svona, þetta má og svo svona uhhh - gráa svæðið er svo stórt að það eru bara allir sem nýta sér það. Alveg eins með ferðamenn og sem eru í hestaferð og allt þetta. Við vorum að tala um áðan, svæði sem þú ferð þarna um, að vera að fara með hestaferð af því það er skipulagt að fara í júní. Þetta árið er náttúrulega allt annað, þú veist eitt árið er öðruvísi heldur en hitt. Þá bara, Í júní skal bara farið og það eru 20 hestar og það er bara, foraðsslóðin sko. Það er verra en mótörhjolin sko (kk, hópur 1).

Það vantar svolítið svona bara reglur með hesta og ferðamenn og bara láta borga, ég meina ég er búin að ferðast um alla Evrópu og maður þarf alltaf að borga inn á alveg fullt af peningum alls staðar. Hérna þarf maður ekki að borga fyrir neitt. Ég

skil það ekki [...]. Þú veist, að það séu bara einhverjar reglur. Við erum svolítið ef ekki ekki langt á eftir mörgum öðrum löndum með það (kvk, hópur 1).

Það þarf ekki endilega að herða reglurnar það þarf bara að skýra þær [...] Núna í dag er bara svona „up for grabs“ og allir gera eitthvað og villta vestrið og þú veist (kk, hópur 1).

Við þurfum að setja einhverjar skorður. Við erum svo oft hrædd við að: Nei, þá vilja þeir ekki koma. - Mér hefur oft virst sú hugsun vera. Við erum með þá hugsun uppi, við erum svo að þjónkast (kvk, hópur 2).

Ég myndi ekki segja að það séu túristarnir. Það eru bara ferðamenn sem koma að skoða landið. Það er frekar við að bregðast ekki við. Því við erum svo upptekin af því að græða sem mest (kk, hópur 1).

En svo ætluðum við að bregðast við með náttúrupassanum og allt varð vitlaust. En það er eins og það var verið að segja áðan, alveg sama hvar þú kemur í Evrópu, þú þarft alls staðar að borga. Og við segjum aldrei orð. Ég fór til Ítalíu í gönguferð. Og þá var komið nýtt gjald þarna af því það átti að fara að bygga og gera svona stíga og annað, til að við myndum ekki eyðileggja það. Og bara gjöra svo vel að borga. Og enginn sagði orð (kvk, hópur 1).

Málið er að í grunninn í landslögum hérna hjá okkur, þá geta Íslendingar gengið um hvaða land sem er. Sama hvaða jörð það er. Nema það flokkist sem einhver einkalóð, en þú mátt labba yfir girðinguna, þú mátt labba um jörðina hjá bóndanum. Þú hefur alveg fulla heimild til þess (kk, hópur 1).

[Í beinu framhaldi af fyrri tilvitnun] En þú getur ekki samt farið hvar sem er til þess að fara í berjamó. Þá ertu bara rekinn þaðan. Þá ertu kominn á einkalóð. En hjá mér, eins og þegar við vorum lítil, þá fórum við bara hvert sem var (kvk, hópur 1).

[Í beinu framhaldi af fyrri tilvitnun] Ég skil það með að týna berin. Þá ertu að taka eitthvað. En þú átt að geta labbað, samkvæmt landslögum, grunnlögum okkar, þá áttu að geta labbað um Ísland, bara óáreitt, það er, ég man ekki hvar það er – það er í raun og veru, þarf að breyta aðeins þessum þáttum (kk, hópur 1).

[Í beinu framhaldi af fyrri tilvitnun] Já, en það er ekki eins og þú sért að fara að selja eitthvað berin, þó að þú farir, þú ert að fara með krakkana á sunnudegi,

eitthvað smá, það er varla botnfylli skilurðu. Að fólk skyldi vera að æsa sig yfir þessu. Maður verður alveg undrandi á því (kvk, hópur 1).

Ég var aðeins að vinna með [nafn á starfsemi tekið út] þarna sem var að rukka fyrir aðganginn þarna. Síðasta sumar. Og þá var hann að sýna mér, þú veist árið 2000, voru 35.000 manns sem komu þarna á þetta svæði. Árið 2008, þá voru þetta 80.000, 2015 voru þetta 500.000. Þetta er náttúrulega bara svæði sem er allt leir. Það er bara viðkvæmt, viðkvæm náttúra. Þannig að - ég myndi segja að stærsta ógnin, verandi í þessari vinnu þarna, að stærsta ógnin okkar eru rútufyrirtæki. [...]. Alltaf ef einhver ætlar að bregðast við, þá eru það rútufyrirtækin sem taka pólitík sem að minnir mann á Sikileyjar (kk, hópur 1).

Við getum ekki stoppað eins og núna með Þingvöll. Hann er fyrir löngu sprunginn. Núna, það dettur ekki nokkrum manni, eins og okkur hérna, af okkar fólki að fara á Þingvöll. Það er bara búið að gleyma þessu. Þangað fór maður með kaffibrúsann sinn og sat úti með krökkunum. Það fer enginn þangað núorðið. Þannig að það er um leið búið að kæfa þessa staði. Þannig að hinn almenni Íslendingur hann nýtur þess ekki. Því hann veit hvernig er að vera úti í náttúrunni. Og njóta þess. Það er kannski vegna þess að maður er alinn upp við þetta. Að vera í tjaldi og fá nesti og nýja skó (kk, hópur 2).

Talandi um það. Hvernig finnst ykkur eins og miðborg Reykjavíkur orðin? Það er bar, svona fálkabúð eða hvað þetta heitir - Lundabúð. Og svo eru þetta skyndibitastaðir og þar sem er bara lykt, alls staðar og svo fer maður ut í hádeginu í göngu og það eru bara útlendingar. Og þá fær maður afslátt á bæjarins Bestu, af því að maður er fyrsti Íslendingurinn í dag (hlátur) (kvk, hópur 2).

Mér finnst reyndar svolítið heillandi að labba einmitt um miðborgina í þessu umhverfi, einmitt úrval af veitingastöðum, en ekki þetta Lundabúðadrasl, sko Laugavegurinn er ónýtur (kk, hópur 2).

Virkjanaframkvæmdir

Annað þemað sem greint var fjallar um virkjanaframkvæmdir og raflínuuppbyggingu. Voru sjónarmiðin flest á uppbyggilegum nótum. Vissulega þyrfti samfélagið og vinnumarkaðurinn rafmagn, að á heimsmælikvarða væri betra að stóriðja nýtti íslenska orku frekar en til að mynda kjarnorku erlendis. En allir voru sammála um að þeir vildu ekki sjá meira landi sökkt á hálendinu né að fleiri raflínur yrðu dregnar upp Hins vegar mætti vel grafa línurnar niður og það þótti óskiljanlegt að það væri ekki gert í ríkara mæli nema peningasjónarmið réðu för. Fólk vildi ekki sjá

aukna stóriðju því það þýddi að ganga þyrfti á náttúruþerlur landsins. Ísland ætti næga orku fyrir sjálft sig og ætti ekki að vera virkja til þess að standa undir orkuþörf Evrópu og selja orku í gegnum sæstreng. Innlend grænmetisframleiðsla ætti frekar að fá orkuna og það á sömu kjörum og stóriðjan.

Ég held að bara einmitt eins og við vorum að ræða varðandi eins og maður átti sig á að þetta er hluti af Rammaáætlun varðandi virkjanir og slíkt og ég held að sem sagt, náttúrulega mér finnst það mjög mikilvægt, að maður átti sig á því að ef þú ætlar að framleiða rafmagn til að vera í einhvers konar iðnaði, þá er viss kostur að við búum til þetta rafmagn hérna á Íslandi þar sem er vistvæn orka sem er notuð í þann iðnað. Annars auðvitað framleiða þeir í Frakklandi með kolum eða, kjarnorku eða einhverju ógeði, sem er bara, maður myndi vilja bara þá að það sé hér, maður verður að líta á það svoltið sem heildarhugmyndafræði. En það er hægt að ganga um og af svo miklu meiri virðingu við landið í virkjanavinnu heldur en verið að gera. Þó að það sé dýrara að koma þessu niður í jörð, þá bara þú veist, það þarf bara að gera það, þarf bara að vera hluti af því að selja raforku hérna, að þá verður hún bara dýrari og þá koma bara aðrir hérna sko. Sem ganga betur um (kk, hópur 1).

Ég held að við þurfum að átta okkur á því að við höfum ekki orku hér á Íslandi til þess að standa í sölu til Evrópu. Við getum ekki selt Evrópu varðandi orku. Við höfum fyrir íslenskt samfélag. Og við höfum fyrir íslenskt samfélag um einhverja framtíð, ef við nýtum hana fyrir okkur, en ef við erum að fara í að selja þetta til dæmis til stórfyrirtækja, eins og í stóriðju í meiri mæli. Þá getum við eingöngu gert þetta með því að ganga á fallegustu náttúruþerlur Íslands. Við erum með næga orku fyrir venjulega starfsemi á Íslandi, en ekki til þess að verða miðstöð heimsbyggðarinnar í stóriðju sko. Það gengur ekki upp. Við höfum enga orku til að selja um jarðstreng til Evrópu. Við erum varla að framleiða fyrir núverandi iðnað á Íslandi, þegar eru toppar, þá vantar orku. Menn eru að skerða kaupin og ef við ætlum að selja til Evrópu, þá þurfum við að virkja og hvar ætlum við að virkja (?) meira? Það er selt í hundruðum megawatta (kk, hópur 1).

En nú er líka af því að við erum að skoða þetta landslag út af ákveðnum framkvæmdum sem sumir vilja gera. Sem sagt, hvaða markmiði erum við að þjóna með því að setja einhverjar línur eða virkjanir? Er það til að þjóna hinum almenna borgara, eða er verið að þjóna verksmiðjum? Og hver er þá hagur íbúa landsins og landsins? Mér finnst þetta líka gleymast. Við tölum alltaf um að það

vanti raforku, raforku, raforku, en bíddu, hvað viljum við? Viljum við raforku til þess að geta selt úr landi? Eða af því bara? Eða, eigum við ekki frekar að hafa, að innlend framleiðsla fái raforkuna og sjálfbær framleiðsla og bændur og – lækka verð á tómtum og gúrkum. Já, að þeir fengju nú sama rafmagnið og álverin? (kvk, hópur 2).

En þá kemur þessi togstreita. Við viljum nýta. Við viljum hafa allt í gegnum rafmagn heima. Allt, og geta notað allt, en við viljum helst ekki að það sjáist neins staðar. Þannig að - Það er nú það, þetta er ekkert alveg einfalt (kvk, hópur2).

Náttúrulegar ógnir og aðrar ófyrirséðar ógnir

Í þriðja lagi var fjallað um náttúrulegar ógnir eins og eldvirkni, en einnig afleiðingar hlýnunar jarðar og svo ógnir sem mögulega gætu skapast við olíuboranir.

Mér finnst líka vera ákveðin vá, standa fyrir dyrum. Sko, það er, ég er kannski að tala um langt fram í tímann líka. En ef að við erum að fara inn í eitthvað svona gostímabil, þá er alveg augljóst að það fylgir því mikil röskun á öllum svæðum í kringum þessa staði, sem að eru að gjósa. Og ég var svolítið hugsí ég heyrði viðtal við hann hérna, Haraldur – Haraldur Sigurðsson. Hann var spurður af fréttamanni í einhverju sjónvarpsviðtali, hvar, hvert yrði hættulegasta gos á Íslandi á næstunni? Þá sagði hann bara: Þar sem aldrei hefur gosið áður [...]. Við erum svolítið að velta fyrir okkur Þjórsársvæðinu og svona. Svo kemur í ljós að það getur bara allt eins orðið þannig gos, sem kemur þarna niður á það svæði, fer bara alveg út í sjó. Og við gerum ekki neitt í því. Þannig að það er ákveðin vá. En þeim mun meiri ástæða er eins og hann talar um, sko að reyna að stýra því sem við getum stýrt. Ágangi, sem sagt, túrista og Íslendinga. Að sem sagt að kunna að ganga um (kvk, hópur 1).

Svo veit maður náttúrulega ekkert hvað hlýnun jarðar hefur að segja. Hvort náttúrunni stafi einhver ógn af því sko (kvk, hópur 2).

Svo eru náttúrulega olíuboranir. Hvað verður um það? Einhverjar hafnir á stöðum sem eru einangraðir á dag en, hvaða áhrif myndi það hafa? (kk, hópur 2)

Annað

Þátttakendur lýstu þakklæti fyrir að fá að hafa fengið að taka þátt í umræðunum og vonuðu að þeir sem „stjórna“ myndu taka tillit til afrakstursins. Ekki taldi neinn að skoðanir sínar hefðu breyst,

heldur fannst þeim umræðan góð og hjálpleg til að átta sig betur á eigin viðhorfum. Einnig vakti umræðan þátttakendur til umhugsunar um hversu fallett landslag er að finna í íslenskri náttúru.

Mér finnst líka mikilvægt að við erum fengin til þess að taka þátt. Við erum bara fólkið á götunni og vonandi hefur það áhrif á þá sem stjórna (kvk, hópur 2).

Já, mér finnst það mjög virðingarvert að það sé leitað til almúgans (kvk, hópur 2).

Nei, ekki breytt [viðhorfum], en það er alltaf, með þetta eins og allt annað. Að maður, hvað segir maður, maður lærir um sínar eigin skoðanir með því kannski að tala um þær. Maður lærir á því að móta hugsanir sínar og tilfinningar einhvern veginn í orð. En ekki að það hafi beinlínis breyst sko (kvk, hópur 1).

Bara hvað við eigum rosalega fallett land og erum heppin með það. Að mínu mati. Það skerpið alltaf sýnin á það (kvk, hópur 2).

Umræða

Þessi rýnihóparannsókn var framkvæmd að beiðni faghóps 1 í Rammaáætlun. Megin markmið rannsóknarinnar var að leggja mat á viðhorf rýnihóps til íslensks landslags. Rannsóknin var framkvæmd á þann veg að þátttakendur mátu ljósmyndir sem þeim voru sýndar í tölvum sem voru frá fyrirhuguðum virkjanasvæðum, einu háhitasvæði og einu vatnsaflssvæði. Eitt af undirmarkmiðum rannsóknarinnar var að kanna hvort viðhorf þátttakenda til landslags væru ólík eftir mismunandi sniði mynda sem voru annars vegar af venjulegri stærð og hins vegar panorama stærð. Annað undirmarkmið var að meta viðhorf til landslags með merkingargreiningarkvarða (e. semantic differential scale). Var sérstaklega athugað hvaða skilning þátttakendur lögðu í hugtök sem notuð voru til að lýsa landslaginu í þeim viðhorfsspurningum. Ennfremur var ætlunin að komast að því hvað fólk tengdi við hugtökin, fá lýsingu á eiginleikum eftirlætis landslags þeirra, kanna í hverju gildi landslags almennt fælist einna helst og hverjar þátttakendur teldu vera helstu ógnir íslensks landslags.

Helstu niðurstöður benda til þess að snið ljósmynda í rannsóknum geti skipt máli hvað varðar upplifun fólks af því landslagi sem sýnt er og viðhorfum til þess. Panoramasnið hefði ekki bætt neinu við hæst metnu venjulegu myndina og venjulegt snið á hæst metnu panoramamyndunum hefði dregið úr víðsýni og þar af leiðandi dregið úr heildarmyndinni. Það er því ekki hægt að álykta um hvor tegund mynda hentar betur í rannsóknum um mat á landslagi, taka verður tillit til samhengis landslagsins. Við þetta má bæta að þátttakendur höfðu yfirleitt takmarkað til málanna að leggja þegar spurt var um eiginleika landslagsins sem metið var og mikilvægi þeirra fyrir einkunnagjöfina. Hins vegar áttu þau auðvelt með að setja sig inn í landslag myndanna og

Ímynda sér hvernig væri að vera á staðnum, hvernig aðgengið væri fyrir þá sem ættu þar leið um og áhrif veðurfars. Ekki er heldur hægt að álykta um hvort það hefði mögulega breytt viðhorfi hópanna til myndanna að sjá venjulegar eða panorama myndir fyrst. Slíkt þyrftu frekari rannsóknir að kanna með stærra úrtaki.

Óljós skilningur atriða leiddi í ljós að þörf er á frekari þróun á hugtökunum í aðgreiningarkvarðanum. Þátttakendur kölluðu eftir nánari skilgreingu á einstökum hugtökum en ein og sér gáfu þau þátttakendum mikið svigrúm til túlkunar. Flestir sögðust hafa á endanum tekið persónulega afstöðu við að skrá viðhorf sín en viðurkenndu að verkefnið hefði ekki farist létt úr hendi. Vandasamt var að meta andstæð hugtök á köflum sem þátttakendur upplifðu að ættu bæði álíka vel við sumar tegundir landslags. Aðgreiningarkvarði gefur kost á að prófa fleiri hugtök á styttri tíma en annars, en ljóst þykir að svör þátttakenda eru óáreiðanleg þegar ekki er vitað hvaða skilning þátttakendur lögðu í hugtökin. Mælt er með frekari prófunum með öðrum útfærslum á hugtökunum og leiðbeiningum til að meta betur gagnsemi aðgreiningarkvarða við mat á gæðum landslags.

Seinni hluti ljósmyndafyrirlagnarinnar var ekki ræddur í rýnihópunum en skilur eftir sig gögn sem nýta má sem innblástur í stærri meginndlega rannsókn. Þessar niðurstöður verða ekki ræddar í þessari úttekt sérstaklega en sjá má niðurstöður hennar í viðauka 5.

Hvað varðar megin niðurstöður frá þriðja hluta umræðanna má segja að þar hafi gætt misræmis hvað áhrif veðurfars varðar. Í upphafi umræða segjast þátttakendur telja fullvíst að veðurfar á myndunum hafi ekki áhrif á einkunnagjöf þess landslags sem þau voru að meta. Hins vegar kemur veðurfar ítrekað fram sem áhrifaþáttur á upplifun af landslagi þegar lengra í umræðurnar er komið. Þeir rifja upp sögur af því að vera á ákveðnum stöðum í annars vegar góðu verði og hins vegar slæmu veðri og lýsa upplifuninni sem gerólíkri. Ekki eru alltaf skörp skil á milli veðurfars og ánægjulegrar eða hvímeiðrar upplifunnar, það virðist persónubundið eins og ummælin sýna.

Þeir þættir sem skipta máli í upplifun landslags hanga saman með því gildi sem landslag hefur í huga þátttakenda. Þátttakendur nefna m.a. hvernig landslag vekur upp ýmis hughrif, hvort sem er í góðu eða slæmu veðri, og svo þegar rætt er um gildi landslags þá eru það hughrif eins og það að vera einn með náttúrunni, firðsældin og endurheimtin sem þátttakendur nefna sem megin gildi landslags. Sálfræðileg endurheimt skiptir miklu máli hvað varðar upplifun og gildi landslags en þetta birtist m.a. þegar þátttakendur tala um að fólk flýi daglegt amstur og borgina um helgar til að komast í kyrrðina, frelsið og til að tengja sig.

Hvað ógnir varðar þá voru þátttakendur nokkuð einróma um helstu hættur og spruttu upp góðar umræður í tengslum við þetta. Þrjú þemu voru greind í þessum umræðum, fyrst ágangur af

manna völdum og stýring aðgengis að náttúrunni, því næst var rætt um virkjanaframkvæmdir og loks innihélt síðasta þemað aðrar og óskilgreindar ógnir, t.a.m. náttúruvá og áhrif vegna hlýnunar jarðar. Þótti ágangur innlendra sem erlendra ferðamanna og útivistarhópa vera áhyggjuefni og þótti víða skorta alvarlega uppbyggingu til að taka við ferðamönnum. Þátttakendur ræddu hvernig stýra ætti aðgengi að slíkum stöðum og fannst mikill skortur vera á leiðbeiningum og umgengisreglum um auðlindir landsins. Ef til vill þyrfti ekki fleiri reglur en þær þyrfti að gera skýrari og kynna betur. Þeir sem höfðu ferðast erlendis og voru vanir að þurfa greiða fyrir að skoða náttúruperlur þótti það sjálfsagt, hér á landi væri ekkert slíkt að ráði og mætti því beita því ráði víða. Þeir voru sammála að lausnir skorti og virtust vera til í beygja sig undir hertar aðgengisreglur ef það yrði til þess að draga úr ágangi og mannlegum ummerkjum og náttúran þannig vernduð. Afstaða til virkjana var ansi einsleit og neikvæð en þátttakendur voru þó í klemmu hvað varðar þarfir og langanir. Þeir vildu ekki sjá meira landi sökkt, helst ekki sjá eða heyra í vindmyllum og alls ekki sjá fleiri rafmagnslínur. Ef Ísland myndi taka það skref að fara sjá öðrum en íslensku samfélagi fyrir raforku yrði það á kostnað okkar náttúru og náttúruperla. Áður en farið væri af stað með virkjanaframkvæmdir þyrfti virkilega að íhuga fyrir hvern orkan væri og hvort þörfin væri til staðar.

Það gæti talist til veikleika rannsóknarinnar að þeir einstaklingar sem tóku þátt í rýnihópaviðtölunum virtust afar umhverfissinnaðir (sbr. viðhorfsspurninga til umhverfistengdra málefna) og margir voru með haldgóða þekkingu á íslensku landslagi og staðarháttum. Einn þátttakandi segir meðal annars hlægjandi að hann hafi nú enn engan hitt sem er á móti íslenskri náttúru og annar segir í kaldhæðni að „*annað hvort ertu náttúruverndarsinni eða ekki. Ef þú ert ekki, þá ertu ómögulegur, en ef þú ert það, þá ertu góður*“. Þátttakendurnir voru einnig afar meðvitaðir að um væri að ræða rannsókn á vegum Rammaáætlunnar áður en að umræður hófust, enda var rannsóknin kynnt þannig fyrir þeim í síma þegar þeim var boðin þátttaka og aftur í kynningu umræðustjóra. Ljóst þykir að afstaða þeirra gagnvart umhverfis- og virkjanamálum hefur getað haft mikil áhrif á val þeirra um þátttöku í rannsókninni sem og á umræðurnar í hópunum. Það væri til gagns að framkvæma stærri megindelega rannsókn með handahófskenndu úrtaki til að kanna betur umhverfisvitund almennings og eins að kanna með viðeigandi tölfræðigreiningu hvert orsakasamband umhverfisvitundar er við lykilbreytur rannsóknarinnar.

Meðalaldur þátttakenda var heldur hár, um 51 ár, og endurspeglaði ekki úrtaksdreifinguna. Brýnt er að frekari rannsóknir hugi að viðhorfum ungs fólks á aldrinum 18-31 árs, en enginn þátttakandi var á þeim aldri í þessari rannsókn.

Augljós styrkleiki rannsóknarinnar var að hafa tvo rýnihópa í stað eins, því augljóst þótti að hóparnir bættu umræður hvors annars upp efnislega, sérstaklega hvað varðar síðasta hluta



umræðanna þar sem upp spruttu fjölbreyttar umræður. Hér hafa verið útlistaðar frumniðurstöður sem veitt hafa mikilvæga innsýn inn í viðhorf til landslags og gildi þess. Einnig veitir þessi rannsókn mikilvæga innsýn í gangsemi viðhorfskvarðanna sem notaðir voru. Þekking á þessu efni er almennt skammt komin á Íslandi og því er mögulegt að nýta niðurstöðurnar til frekari þróunar á eiginlegum sem meginlegum rannsóknum á þessu sviði.

HEIMILDIR

- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (1998). *Qualitative research in education: An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn & Bacon.
- Kaplan, S. (1995). The restorative benefits of nature: Toward an integrative framework. *Journal of environmental psychology*, 15(3), 169-182.
- Madriz, E. (2000). Focus groups in feminist research. Í N. K. Denzin og Y. S. Lincoln (ritstjórar), *Handbook of Qualitative research* (bls. 129-147). London: Sage.
